

1. Almenn:

Hábrún hf. (kt. 450314-0640), Stekkjargötu 11, 410 Hnífsdalur, hefur verið með tvö gild rekstrarleyfi, annars vegar 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1121/IS-36091) til sjókvíaeldis á þorski og hins vegar 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1093/IS-36102) til eldis á þorski, laxi og silungi í sjókvíum. Eldissvæði þessara tveggja leyfa eru samliggjandi í Skutulsfirði. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi, þann 28. janúar 2019, vegna 700 tonna og sameina eldissvæðin, þar af 650 tonn af regnbogasilungi og 50 tonn af þorski.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn fyrir svæðið í heild sinni og mælst er til að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags.

Hábrún hf. mun stunda sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski á þremur eldissvæðum í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi, þannig að fiskur er alinn á tveimur eldissvæðum í einu og eitt eldissvæði er í hvíld.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Hábrúnar hf. var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 23. janúar 2018. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar 14. febrúar 2018. Í umsögninni kom fram að stofnunin taldi ekki tilefni til að umrædd framkvæmd færi í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfði stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum í samræmi við verksvið stofnunarinnar á þeim tíma. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 11. apríl 2018 þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags. Starfsemi Hábrúnar hf. snýr eingöngu að útgáfu rekstrarleyfis fyrir regnbogasilung og þ.a.l. á áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi ekki við. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Framkvæmd Hábrúnar hf. gerir ráð fyrir 650 tonnum af regnbogasilungi og 50 tonnum af þorski í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi. Fyrir eru í gildi rekstrarleyfi fyrir 7.000 tonnum í innanverðu Ísafjarðardjúpi og 5.300 tonnum í utanverðu Ísafjarðardjúpi. Þá liggja fyrir aðrar umsóknir um rekstrarleyfi vegna fiskeldis í Ísafjarðardjúpi fyrir samtals 14.800 tonnum en þær framkvæmdir eru enn í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Hábrúnar hf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir eldi þar sem ein kynslóð er alin á eldissvæðinu hverju sinni og eldissvæðið hvílt skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Með þessu fyrirkomulagi og hvíld eldissvæðis er stuðlað að því að ástand botns undir kvíastæði nái ásættanlegu ástandi milli kynslóða. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi

hafsbötn ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Hábrún hf. mun notast við stofn regnbogasilungs sem Matvælastofnun samþykkir en stofninn sem fluttur er inn í dag, og hefur verið í notkun hér á landi undanfarin ár, er hrygnustofn (all female) en það eru hrygnur sem geta myndað hrogn en eru kynbættar á þann hátt að kynþroski er síðbúinn. Náttúruleg heimkynni regnbogasilungs eru í Norður-Ameríku þar sem hitastig er hærra en hér á landi og þroskar regnbogasilungur því hrognin seint að vetri og hrygnir snemma vors. Hrognin klekjast út síðsumars eða að hausti og seiðin lifa ekki af komandi vetur á Íslandi. Sem dæmi þá þekkist ekki að regnbogasilungur hafi myndað náttúrulegan stofn á Íslandi, þrátt fyrir að eldi á þessari tegund hafi verið stundað hér á landi í meira en hálföld. Jafnframt ber að taka mið að því að fyrirhugað eldissvæði uppfylli ákvæði 6. mgr. 18 gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sem kveður á að sjókvíar með laxfiskum megi ekki vera nær ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu en 5 km. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt.

Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Hábrúnar hf. í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun leitaði umsagna hjá Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu og Ísafjarðarbæ þann 29. mars 2019 vegna framkvæmdar Hábrúnar hf. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar (dags. 22. janúar 2018) og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar barst þann 8. maí 2019. Í umsögninni kemur fram að Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina en bendir jafnframt á umsögn Hafrannsóknastofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 1. mars 2018. Í þeirri umsögn kemur fram að óvissa ríki um áhrif á lífríki botns á eldissvæðunum og áhrif á viðtakann. Einnig kemur fram að reynsla af fiskeldi í sjókvíum hefur sýnt að umhverfisáhrif af völdum þess geta verið umtalsverð og líklega meiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Vöktun eldissvæða mun fara fram í samræmi við vöktunaráætlun Hábrúnar hf. sem yfirfarin er af Umhverfisstofnun. Einnig getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíldartíma ef niðurstöður vöktunar benda til þess að umhverfiaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar. Hafrannsóknastofnun minnir einnig á samlegðaráhrif eldisins við aðrar framkvæmdir á viðkomandi svæði. Matvælastofnun er meðvituð um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu og mun taka tillit til þeirra þegar að afgreiðslu annarra umsókna á svæðinu kemur.

Umsögn Ísafjarðarbæjar barst þann 8. maí 2019. Í umsögninni kemur fram að Ísafjarðarbær telji að aukin framleiðsla í Skutulsfirði muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif sem gefi tilefni til neikvæðra vistfræðilegra eða erfðafræðiahrifa og gerir því ekki athugasemd við umsóknina. Ekki barst umsögn frá Fiskistofu vegna útgáfu rekstrarleyfisins.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna starfsleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Matvælastofnun hefur gert breytingar á áður auglýstri tillögu er snúa að skilgreiningu á umfangi starfseminnar. Breytingar voru gerðar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi með lögum nr. 101/2019 sem fól í sér að í rekstrarleyfi skuli vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum lífmassa en áður voru skilyrði um að í rekstrarleyfi þyrfti að vera ákvæði um leyfilegt framleiðslumagn og hámarkslífmassa stöðvar. Jafnframt var leyfistími rekstrarleyfa lengdur úr 10 árum í 16 ár.

6. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Hábrúnar hf. fyrir 700 tonna eldi á regnbogasilungi og þorski í sjókvíum í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíeldisstöðva er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst. Rekstrarleyfið gildir til 10. desember 2036.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1140) kemur það í stað rekstrarleyfa Hábrúnar hf. til 400 tonna sjókvíeldis á þorski, regnbogasilungi og laxi (FE-1121/IS-36091 og FE-1093/IS-36102).

Selfossi, 10. desember 2020